

Nýsköpun í opinberum rekstri



Dags: 19.09. 2011
Til: Fjármálaráðuneytið - nyskopun@fjr.stjr.is
Frá: Landmælingum Íslands

Tilvísun: V201108021

Efni: Tilnefning Landmælinga Íslands til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri 2011.

Ágæti viðtakandi

Meðfylgjandi er tilnefning Landmælinga Íslands til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri árið 2011.

Landmælingar Íslands hafa um árabil haft það að stefnu sinni að opna aðgengi að gögnum stofnunarinnar svo að þau nýtist sem flestum á sem fjölbreytilegastan hátt. Stofnunin hætti árið 2007 að gefa út kort á prentuðu formi og með því lauk langri sögu kortaútgáfu stofnunarinnar. Áhugi manna á þeim kortum sem stofnunin geymir í kortasafni sínu var þó mikill og því var hafist handa við að opna kortasafnið út á rafrænu formi í gegnum vefsíðu stofnunarinnar. Frá opnun kortasafnsins árið 2010 hefur það veitt mörgum ferðamanninum aukið aðgengi að upplýsingum um náttúru Íslands og mikil ánægja hefur verið með framtakið. Kortasafn Landmælinga Íslands hefur því verið valið sem tilnefning stofnunarinnar til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri.

Með vinsemd

Eydís Líndal Finnbogadóttir
Forstöðumaður sviðs miðlunar og grunngerðar
Landmælingum Íslands

Kortasafn Landmælinga Íslands á vefnum



Útdráttur

Kortasafn Landmælinga Íslands (LMÍ) telur um 2700 kort. Skráning korta hófst árið 2000 og árið 2008 var byrjað að skanna öll kort í Kortasafni LMÍ. Skráningu og skönnun korta er nú að mestu lokið. Áhugi var fyrir því að gera Kortasafn LMÍ aðgengilegt á vefnum og hófst hugmyndavinna við það árið 2009. Í júní 2009 var Kortasafn LMÍ gert aðgengilegt almenningi á vefnum en síðan þá hefur verið unnið að því að fjölga kortum og bæta aðgengi vefsins.

Stofnun:	Landmælingar Íslands
Starfsmenn:	29
Heyrir undir:	Umhverfisráðuneytið
Tengiliður vegna verkefnis:	Steinunn Aradóttir
Tölvupóstur:	steinunnara@lmi.is

Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Stærstur hluti Kortasafns LMÍ eru kort sem Landmælingar Íslands hafa gefið út frá því að stofnunin var sett á laggirnar árið 1956 en einnig er mikið af kortum frá kortlagningu Dana hér á landi sem gefin voru út á tímabilinu 1909-1939. Í kortasafninu eru líka útgáfur annarra aðila sem í sumum tilfellum eru byggðar á gögnum stofnunarinnar. Átak í skráningu korta hófst árið 2000 og síðan þá hafa rúmlega 2700 kort verið skráð í Kortasafni LMÍ. Mikill vilji hefur verið fyrir því á síðustu árum að gera Kortasafn LMÍ aðgengilegt fyrir almenning á vefnum. Því var ákveðið að skanna þessi gögn til að tryggja að afrit væru til af gögnunum og til að bæta aðgengi allra að þeim. Á kortavefnum er hægt að fá upplýsingar um kortin og hægt er að nálgast skönnun af flestum kortum sem LMÍ hafa gefið út í gegnum tíðina eða eiga útgáfurétt á. Aðgangur að öðrum kortum takmarkast við upplýsingar um kortin.

Framkvæmd

Skönnun korta fór að mestu fram á árunum 2008-2010. Flest kortin voru skönnuð af starfsmönnum LMÍ en hluti korta sem var í bókum var skannaður í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þróun og vinna veflausnar fór að mestu fram árið 2009. Skipaður var vinnuhópur fimm starfsmanna sem höfðu það verkefni að þróa veflausn til að opna út á vefinn. Veflausnin var unnin í samstarfi við fyrirtækið Miracle og var ákveðið að unnið yrði í Oracle umhverfinu. Veflausn var opnuð í júní 2009 áður en skönnun allra korta var lokið því ekki þótti ástæða til að fresta því frekar heldur leyfa almenningi að njóta afrakstursins. Á vormánuðum 2010 var búið að skanna flest kort sem til voru í Kortasafni LMÍ. Endurskoðun á veflausninni fór fram árið 2010 og þá var m.a. leitargluggum fjölgað og útliti breytt. Á vefnum er boðið upp á innskannað kort í góðri skjáupplausn en einnig er í boði að kaupa kortið stafrænt í fullri upplausn.



Niðurstaða

Verkefnið hefur tekist vel og almenn ánægja virðist vera með þessa nýjung. Vefsíðan hefur m.a. mikið verið notuð af áhugafólki um útivist og náttúru og viðbrögðin sem stofnunin hefur fengið hafa einungis verið jákvæð og hvetjandi.

Lærdómur

Verkefnið var að hluta til unnið í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þar er fyrir að finna mikla fagkunnáttu hvað varðar skönnun gagna. Þetta góða samstarf fagfólks beggja stofnana var fyrir LMÍ enn og aftur staðfesting á því hversu mikilvægt samstarf fagstofnana er. Landsbókasafnið sá um skönnun korta í bókum og fékk um leið aðgang að kortum sem búið var að skanna hjá LMÍ. Meðal hlutverka Landsbókasafns er að varðveita eintök af öllum kortum sem eru gefin út hér á landi samkvæmt lögum um skylduskil til safna.

Þau jákvæðu viðbrögð sem LMÍ hefur fengið við þessari nýju veflausn eru enn fremur staðfesting á stefnu stofnunarinnar um að vinna að auknu aðgengi gagna með rafræna stjórnslu í huga.

Hvernig upplifði starfsfólkið nýsköpunina?

Starfsmenn eru sammála um mikilvægi þess að auka aðgengi að gögnum stofnunarinnar enda vinnur stofnunin að gerð landupplýsingagagna sem eiga að nýtast landsmönnum öllum.

Tengill á Kortasafn LMÍ

<http://www.lmi.is/kortathjonustur/kortasafn/>

Dæmi um skjámyndir úr Kortasafni LMÍ



Leit kortasafnsins býður upp á nokkrar leiðir til

að nálgast það kort sem notandinn leitar að. Helsta aðferðin er að afmarka leitarsvæði á korti líkt og sést á minni myndinni hér að ofan. Einnig er hægt að velja ákveðna kortaflokka, ákveðna mælikvarða eða leita að kortum eftir útgáfuárum.

Þegar leit hefur verið afmörkuð birtist listi mögulegra korta miðað við leitarforsendur. Notandinn velur þá það kort úr listanum sem hann leitar að eða fer aftur í leitina og afmarkar sig betur. Í þessum lista fær notandinn helstu upplýsingar um kortið jafnframt því að fá upplýsingar um hvort kortið sé aðgengilegt sem skannað eða ekki.

Tíðil	Mælikvarði	Kortaflokkur	Útgáfuár	Efnisorð
Reykjavík	1:100000	Attekort	2001	REYKJANESSKAGI, SUÐVESTURLAND
Hengill	1:100000	Attekort	2001	SUÐVESTURLAND
Borgarfjörður	1:100000	Attekort	2001	VESTURÍRLAND
Botsheidi	1:100000	Attekort	2000	VESTURLAND
Borgarfjörður	1:100000	Attekort	1995	VESTURÍRLAND
Reykjavík	1:100000	Attekort	1995	REYKJANESSKAGI, SUÐVESTURLAND
Botsheidi	1:100000	Attekort	1995	VESTURLAND
Hengill	1:100000	Attekort	1994	SUÐVESTURLAND
Botsheidi	1:100000	Attekort	1990	VESTURLAND
Hengill	1:100000	Attekort	1990	SUÐVESTURLAND
Borgarfjörður	1:100000	Attekort	1988	VESTURLAND
Hengill	1:100000	Attekort	1988	SUÐVESTURÍRLAND
Botsheidi	1:100000	Attekort	1088	VESTURLAND
Botsheidi	1:100000	Attekort	1986	VESTURÍRLAND

Þegar notandinn hefur valið það kort sem hann leitast að úr áður nefndum lista fær hann nánari upplýsingar um kortið. Jafnframt gefst honum möguleiki á að sækja kortið til sín eða kaupa kortið í háupplausn.

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS
National Land Survey of Iceland

Kortasafn LMÍ

Títil: Reykjavík

Stærðingúmer: 2001_038

Grunnupplýsingar: **Tungumál:** **Land:** Ísland

Kortaflokkur: Kortanúmer: 7/ **Ísland**
Aðrir flokkar: 2/ **Landís**
Mælikvarði: 1:100000 **Stærð:** 55x81 **Evíska**

Alnúmer: 1 útg. 1944 04 29; 24 29.8

Staðsetning: **Útgefandi/ábyrgð:** LMÍ

Form/Umfang: **Útgefnaður:** [Ísland]

Uppplýsingar: Skýringar

Tegund korts: Stafrænt

Uppplýsingar um útgáfu:


Útgáfur: **Endurskoðunar:** **Efnisorð:**
1995 **Mælikvarði:** 1998 **REYKJAVÍK**
1999 **Mælikvarði:** 1998 **SUVESTURLAND**

Sækja stærri útgáfu (5mb - 11mb)

Kaupa fulla upplausn (450mb +)

[Vantlaug ástæða - Almennir skilmálar - Landmælingar Íslands]

Stíllholti 16-18 - 300 Akranes - Sími 430 9000 - Brefsími 430 8080 - Netfang lmi@lmi.is



Kortið sem sótt er til niðurrhals er um 5 – 11 MB að stærð en sú stærð er flestum notendum nægjanleg til að átta sig á aðstæðum og vinna með s.s. vegna gönguferða eða skipulags. Vilji notandi meiri upplausn s.s. vegna útprentunar kortsins er sú útgáfa um 450 MB og því fá notendur hana senda gegn vægu gjaldi annað hvort yfir ftp server eða á CD/DVD.

Sú upplausn sem býðst öllum að kostnaðarlausu á Kortasafni LMÍ er flestum notendum nægjanleg. Almenn hrifning hefur verið meðal notenda Kortasafnsins og með tilkomu þess hefur verið opnaður aðgangur að sögu íslenskrar náttúru frá aldamótum 1900 og fram til okkar dags.

